

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Hafravatnsvegur.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 14. apríl 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felur í sér að 400 m kafla Hafravatnsvegar ásamt helgunarsvæði færast yfir í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur um íbúðarsvæði í Hólmslandi. Lega vegarins er í samræmi við staðfestan úrskurð 10. desember 1999 vegna mats á umhverfisáhrifum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytinu, 14. apríl 2000.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*

14. apríl 2000

Nr. 274

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 1992-2012, Hafravatnsvegur.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 14. apríl 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 1992-2012 frá 6. maí 1994.

Lega Hafravatnsvegar breytist á tveimur stöðum á milli Suðurlandsvegar og Úlfarsfellsvegar auk þess sem lega tengivegar að Nesjavallavegi breytist frá Dallandi að hinum nýja Hafravatnsvegi. Lega vegarins er í samræmi við staðfestan úrskurð 10. desember 1999 vegna mats á umhverfisáhrifum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytinu, 14. apríl 2000.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*